

Til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Umsóknin berist Guðna Geir Einarssyni á skrifstofu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga,
gudni.g.einarsson@srn.is.

Hafnarfjarðarbær sækir um styrk í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sjóðurinn hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir, sbr. 13. gr. b í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

1. Sótt er um styrk til að koma til móts við kostnað við að koma á fót nýrri hæfingarstöð til að sinna lögbundnu hlutverki til hæfingar fatlaðs fólks.

Lýsing:

„Geitungarnir“ –aðlögun að vinnumarkaði er hæfingarstöð með nýju sniði sem er komin í húsnæði að Suðurgötu 14. Húsnæðið var keypt til að tryggja starfssemi Hæfingarstöðvarinnar til framtíðar. Það er þó þörf á að lagfæra húsnæðið og sníða að þeirri starfssemi sem þar er.

Geitungarnir voru upphaflega tilraunaverkefni og fékk það, á meðan á tilrauninni stóð, tímabundið aðstöðu í húsnæði með annarri starfssemi enda var verkefnið á tilraunatímanum einungis hluta úr degi og mikið starfað utan húss. Að tilraun lokinni var ljóst að tryggja þurfti starfsseminni framtíðar húsnæði, möguleika á að vera með hópa í húsinu auk þess sem einhverjir fóru í störf utan húss einhvern hluta dags. Mikil fjölgun hefur orðið á þátttakendum og því þörf á nægu plássi.

Aðdragandi verkefnisins var skortur á atvinnutækifærum og virknitilboðum fyrir fötluð ungmenni sem voru að ljúka framhaldsskólanámi og brýn þörf á að bregðast við. Þeir sem eru í Geitungunum í dag eru á mun breiðara aldursbili og með breiðari stuðningsþarfir en sá hópur sem tók þátt í tilraunaverkefninu. Þegar hæfingarstöðin í Fannborg var lögð niður völdu flestir þeir Hafnfirðingar sem þar voru í þjónustu að fara í „Geitungana“. Úrræðið hefur því vaxið gífurlega og er nú komið í húsnæði að Suðurgötu 14, sem þarf þó að lagfæra og aðlaga að starfsseminni og þeim hóp sem þar er í þjónustu.

Kostnaður:

Geitungarnir eru staðsettir á jarðhæð að Suðurgötu 14 (var áður húsnæði skattstofunnar) (kjallari Suðurgötu megin en fyrsta hæð frá Strandgötu) Gengið er inn frá Strandgötu í Geitungana. Hæfingarstöðin nýtir einnig matsal og eldhús sem staðsett er á 2. hæð hússins. Þeir nýta því um 640 m² alls. Kostnaður á hvern fermetra miðað við kaup á húsnæði að viðbættum kostnaði við breytingar á húsnæði munu nema um 110 þúsund krónum á hvern fermetra. Húsnæðið var dýrt en breytingar á húsnæði eru ekki svo miklar.

2. Sótt er um styrk til að koma dagþjónustu fyrir geðfatlað fólk í Hafnarfirði í húsnæði.

Lýsing:

„Lækur“ er dagþjónusta fyrir geðfatlað fólk í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær tók við starfsseminni í janúar 2018 af Rauða krossinum. Um er að ræða athvarf þar sem fólk með geðfötlun er gefinn kostur á að sækja sér félagsskap, stuðning, þjónustu og virkni yfir daginn. Þjónustan var áður á ábyrgð Rauða krossins sem sagði skilið við verkefnið um síðustu áramót og Hafnarfjarðarbær tók þá við starfsseminni.

Kostnaður:

Unnið er að því að Lækur fari í húsnæði að Suðurgötu 41 þar sem áður var St. Jósefspítali. Starfssemin mun nýta u.þ.b. 500 m² rými undir sína starfssemi. Kostnaður á hvern fermetra miðað við kaup á húsnæði að viðbættum kostnaði við breytingar á húsnæði munu nema rúmum 100 þúsund krónum á hvern fermetra. Húsnæðið var tiltölulega ódýrt en breytingar á húsnæði eru miklar og kostnaðarsamar.

3. Sótt er um styrk til að koma til móts við kostnað við húsnæði fyrir dagþjónustu við fatlaða nemendur á grunn og framhaldsskólaaldri.

Lýsing:

Kletturinn er dagþjónusta fyrir fatlaða grunnskólanemendur á mið- og efsta stigi grunnskólanna. Kletturinn tekur á móti börnum að skóladegi loknum og er opinn allan daginn í skólafríum og á sumrin. Kletturinn hefur verið á flakki í tímabundnu húsnæði en fer í sumar í varanlegt húsnæði að Suðurgötu 14.

Vinaskjól er dagþjónusta fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur með miklar stuðningsþarfir sem eru á starfsbrautum framhaldsskólanna. Vinaskjól tekur á móti ungmennunum að skóladegi loknum og er opinn allan daginn í skólafríum og á sumrin. Þessi ungmenni fóru á árum áður (á tímum svæðisskrifstofanna) á hæfingarstöðvarnar en þar sem undan farin ár hafa ekki verið laus rými á hæfingarstöðvum var farið í að útbúa sér dagþjónusta fyrir þennan aldurshóp. Starfssemin hefur verið í bráðabyrgðar húsnæði en er nú komið með varanlegt húsnæði að Suðurgötu 14.

Kostnaður:

Kletturinn og Vinaskjól eru staðsett á tæpum tveimur hæðum frá Suðurgötu séð er það 1. hæð og hluta af 2. hæð (var áður húsnæði skattstofunnar) starfssemi þessara tveggja hópa er þó aðskilin. Alls 640 m² rými. Kostnaður á hvern fermetra miðað við kaup á húsnæði að viðbættum kostnaði við breytingar á húsnæði munu nema um 110 þúsund krónum á hvern fermetra. Húsnæðið var dýrt en breytingar á húsnæði eru ekki svo miklar.

Ef óskað er frekari upplýsingar um húsnæði og breytingar á því má hafa samband við:

- Sig. Sverrir Gunnarsson, byggingafræðing, verkefnastjóri framkvæmda- og rekstrardeildar.
sverrirgunn@hafnarfjordur.is Sími: 664 5632.

Ef óskað er eftir frekari upplýsinga um þá starfssemi sem um ræðir má hafa samband við:

- Hrönn Hilmarsdóttir, þroskaþjálfari. Deildarstjóri þróunar- og reksturs í málefnum fatlaðs fólks.
hronnhilmars@hafnarfjordur.is Sími 585-5500 eða 585-5713.

Fyrir hönd Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar

Hrönn Hilmarsdóttir

Deildarstjóri þróunar- og reksturs í málefnum fatlaðs fólks.